

Fréttabréf Jafnréttisnefndar Neskaupstaðar

Júní 1989

Jafnréttisnefnd Neskaupstaðar gefur nú út fréttabréf. Tilgangur þess er að koma á framfæri upplýsingum og staðreyndum um jafnréttismál.



Jafnstaða kynja á öllum sviðum þjóðfélagsins er orðið viðurkennt markmið á Norðurlöndunum. Með jafnstöðu er átt við að karlar og konur hafi sömu réttindi, skyldur og möguleika til að:

- hafa starf og vera efnahagslega sjálfstæð
- gæta heimilis og barna
- taka þátt í stjórnámálum, starfi stéttarféлага og öðrum þáttum samfélagsins.

Á Íslandi voru sett lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, árið 1985. Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

Úr atvinnulífinu

Veist þú, að konur og karlar eiga að hafa sama rétt til ráðningar, setningar eða skipunar í starf og til stöðu-
hækkana og stöðubreytinga.

Veist þú, að konur og karlar eiga að hafa sömu tækifæri til starfspjálfunar og til að sækja námskeið, sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

Veist þú, að atvinnurekendur eiga að vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því, að störf séu ekki flokkuð sem sérstök kvenna- og karlastörf.

Veist þú, að konur telja sig síður fá áhugaverð verkefni á vinnustað en karlar.

Veist þú, að konur telja sig síður geta haft áhrif á verkefni, sem þær vinna á vinnustað en karlar.

Veist þú, að konur á aldrinum 15 – 30 ára flytjast frekar frá landsbyggðinni en karlar.

Veist þú, að ein mikilvæg leið til að stöðva fólksflóttu af landsbyggðinni gæti verið að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur og hvetja konur til að taka að sér hefðbundin karlastörf.

Hér á eftir fara nokkrar staðreyndir úr sérriti nr. 1 – janúar 1989 frá Þjóðhagsstofnun um tekjur karla og kvenna

Veist þú, að atvinnuþátttaka kvenna á Norðurlöndunum er langmest á Íslandi.

Veist þú, að atvinnuþátttaka íslenskra kvenna á aldrinum 16 – 74 ára árið 1986 var 90,1%.

Veist þú, að árið 1980 var atvinnuþátttaka þeirra um 77,9%.

Veist þú, að lítið dregur úr atvinnuþátttöku kvenna á barnseignaraldri.

Veist þú, að aukin atvinnuþátttaka kvenna er nær einvörðungu úr hópi giftra kvenna.

Veist þú, að á árinu 1986 höfðu konur í fullu starfi utan heimilis tæplega 61% af tekjum fullvinnandi karla miðað við fullt starf hjá báðum.

Tölulegar staðreyndir um jafnréttismál

Úr bókinni Kvinnor och män i Norden 1988

Heimilisstörf eru enn sem fyrr að mestu leyti í höndum kvenna, en þeim konum fækkar stöðugt sem eru eingöngu heimavinnandi.

Jafnræði kynjanna við heimilisstörf virðast vera mest í Svíþjóð.

Fæðingarorlof er lengst í Svíþjóð, eitt ár, en 6 mánuðir á Íslandi.

Leyfi foreldra til að gæta sjúkra barna er lengst í Svíþjóð, allt að 60 dagar á barn á ári, en styst á Íslandi 7 dagar á ári.

Framboð af dagvistarrými er fjarri því að vera fullnægjandi. Er ástandið best í Danmörku en lakast á Íslandi.

Karlar hafa að meðaltali heldur meiri frítíma en konur.



Enn vantar mikið á að jöfnuði kynja sé náð á þjóðþingum og sveitarstjórnnum, þrátt fyrir að 60 ár séu síðan konur fengu kosningarétt. Á þjóðþingum Norðurlanda eru konur ein af hverjum þremur fulltrúum, en á Íslandi eru þær ein af hverjum fimm.

Þær sem unnu að þessu bréfi úr jafnréttisnefnd eru: Steinunn Aðalsteinsdóttir form., Auður Kristinsdóttir ritari, Katrín Jónsdóttir, Þorgerður Malmquist og Elín Magnúsdóttir.